







Árni Ingólfsson 1980 Mynd - E.Ól.





Louisa Matthíasdóttir fyrir framan sjálfsmynd sína. Mynd - Sig.

Sinfónían

Jón Leifs, Brahms og Rachmaninoff


Tónleikar helgaðir byggingu tónlistarhúss

Annað kvöld klukkan 20:30 verða fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á síðara misseri. Á efnisskránni eru þrjú verk, Landsýn eftir Jón Leifs (var síðast flutt 1962), Rapsódía eftir Rachmaninoff um stef eftir Paganini, og að lokum Sinfónía nr. 1 eftir Brahms.


Stjórnandi Sinfóníunnar að þessu sinni er Bandaríkjamaðurinn George Cleve. Hann á að baki litríkan feril, hefur um áratuga skeið stjórnað öllum helstu sinfóníuhljómsveitum heims. Hann er snillingur í tónlist Mozarts og hefur í mörg ár stjórnað flestum Mozart hátíðum í New York og San Fransisco. Hann stjórnaði hér á tónleikum veturinn 1971 - 1972.

Einleikari á tónleikunum er Bandarískur píanóleikarinn Randall Hodgkinson. Hann vakti fyrst alþjóðaathygli 1981, þegar hann vann fyrstu verðlaun í tónlistarkeppni fyrir píanista, sem Rockefeller stofnunin og Carnegie Hall gengust fyrir. Síðan hefur hann hlotið margháttaðar viðurkenningar og leikið einleik austan hafs og vestan.

Það er amma Hodgkinsons, Leedice Kissane sem hefur gengist fyrir komu hans til Íslands. Hún var sendikennari Fullbright stofnunarinnar við Háskóla Íslands um tveggja vetra skeið, tók miklu ástfóstri við landið, og sýndi Íslensku tónlistarlífi mikinn áhuga. Með því að bjóða fram dótturson sinn til tónleikahalds hér á landi vill hún leggja sitt að mörkum til byggingar tónlistarhússins.



George Cleve stjórnar Sinfóníunni á tónleikunum annað kvöld.



Einleikari á tónleikunum verður Randall Hodgkinson píanóleikari.

Auk þess að leika með Sinfóníuhljómsveitinni á tónleikunum annað kvöld, mun Hodgkinson leika á einleikstónleikum í Listasafni Íslands á föstudagskvöldið kl. 20:30, og verða það fyrstu tónleikarnir sem haldnir verða í húsakynnum Listasafnsins.

LG